

Sumarskóli Rjúpnahæðar

12.júní 2020

Drengurinn (3,11 ára) er mjög duglegur að mæta á uppgötvunar- og útikennslusvæðið í sumarskólanum. Á því svæði er lögð áhersla á vísindastarf, smíðar og vatnssull. Hann er mjög áhugasamur og finnst spennandi að fá að sula með vatnið. Honum finnst skemmtilegast að láta vatn og mól renna í gegnum braut sem samsett er úr þakrennum og rörum. Hann er mjög einbeittur og dundar sér ýmist einn í sullinu eða leikur við önnur börn.

